



Lög Íþróttafélagsins Gróttu

1.gr.

Heiti.

Félagið heitir Íþróttafélagið Gróttu. Heimili og varnarþing er á Seltjarnarnesi.

2.gr.

Tilgangur

Tilgangur Íþróttafélagsins Gróttu er að veita iðkendum á öllum aldri þjónustu og aðstöðu til að iðka og stunda íþróttir í fimleikum, handknattleik og knattspyrnu. Sérstök áhersla er lögð á íþrótt- og uppeldisstarf með börnum og unglingum til að stuðla að heilbrigðu líferni og félagsþroska.

3.gr.

Merki og búningur

Merki félagsins er blár fugl á gulum þríhyrindum grunni (litastaðall: pantone 286 blár og pantone 108 gulur) GRÓTTA fyrir ofan fuglinn. Við félagsmerkið er íþróttadeild heimilt að bæta nafni eða merki deildarinnar. Slíkt þarf þó að hljóta samþykki aðalstjórnar félagsins.

Búningur félagsins samanstendur af blárri treyju með gulu ívafi og bláum stuttbuxum.

Aðalstjórn ákveður búninga félagsins hverju sinni.

4.gr.

Félagar

Félagið er myndað af einstaklingum sem starfa í deildum eða undir aðalstjórn og uppfylla þær skyldur sem því fylgja. Hver sá sem greiðir iðkenda- og/eða árgjald til félagsins eða deilda þess, er félagi í Íþróttafélaginu Gróttu.

5.gr.

Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess. Aðalstjórn félagsins er æðsti aðili í málefnum þess milli aðalfunda og mótar starfsemina í aðalatriðum, í samráði við deildastjórnir.

Framkvæmdastjóri hefur í umboði aðalstjórnar umsjón með sameiginlegum rekstri félagsins, svo sem skrifstofu félagsins, íþróttafulltrúa og þjónustu við deildastjórnir.

Meginstarfsemi félagsins fer fram í deildum. Hver deild hefur sjálfstæðan fjárhag en Aðalstjórn ber endanlega ábyrgð á fjármálum deilda félagsins sbr. fjórðu málsgrein 7 gr. Stjórn deilda er kosinn á aðalfundi hennar. Stjórnir innan félagsins skulu hver á sínu sviði vinna af metnaði og í samræmi við stefnu félagsins á hverjum tíma.

Reikningsár félagsins og deilda þess skal vera frá 1. janúar til 31. desember. Reikningar skulu vera komnir til endurskoðenda/skoðunarmanna félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.



6.gr. Aðalstjórn

Aðalstjórn félagsins skal skipuð formanni, varaformanni, ritara og gjaldkera sem kosnir eru beinni kosningu á aðalfundi, auk þess skal hver deild félagsins tilnefna einn stjórnarmann til

setu til eins árs í senn. Ávallt skal vera oddamaður í aðalstjórn félagsins, þ.e.a.s. ef deildir eru 4, 6 eða 8 bætist við einn meðstjórnandi kosinn á aðalfundi.

Aðalstjórn skal kosin skriflega á aðalfundi félagsins og skal kosið sérstaklega í hvert stjórnarstarf. Leita skal eftir uppástungum og kjósa einungis um þá sem stungið er upp á. Komi aðeins fram ein uppástunga til stjórnarstarfs þá er sá sem tilgreindur er sjálfkjörinn. Séu atkvæði jöfn skal kosið að nýju, bundinni kosningu og fáist þá ekki úrslit skal varpa hlutkesti.

Aðalstjórn er kosin til eins árs í senn.

Ef aðalstjórn boðar ekki til lögboðins aðalfundar, skulu formenn deilda boða til aðalfundar innan tveggja mánaða.

7.gr. Starfsvið aðalstjórnar

Aðalstjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt fyrir öllum eignum félagsins, nema sérsjóðum deildanna og ræður starfsemi þess í aðalatriðum í samráði við deildarstjórnir.

Aðalstjórn skal skipa alla trúnaðarmenn félagsins og þær nefndir sem hún telur þörf fyrir á hverjum tíma. Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin aðalstjórnarsamþykktum.

Aðalstjórn félagsins er heimilt að víkja mönnum úr félaginu eða setja menn í keppnisbann, álitur hún framkomu þeirra vítaverða.

Aðalstjórn félagsins fer með fjármál Íþróttafélagsins Gróttu og ber endanlega ábyrgð á fjármálum allra deilda félagsins.

Aðalstjórn ræður framkvæmdarstjóra og íþróttafulltrúa félagsins.

8.gr. Deildir Gróttu

Hver íþróttadeild félagsins hefur stjórn og fjárhag. Stjórnir íþróttadeildanna ráða þjálfara og ákveða laun þeirra. Hver deild skal halda gerðabók um alla kappleiki og annað markvert sem að gerist innan deildarinnar.

Hver deild skal sjá um sig sjálf fjárhagslega. Bókhald deildar skal þó fært og varðveitt á skrifstofu félagsins.

Hver deild hefur tekjur af árgjöldum, íþróttakeppnum og þeim fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn félagsins. Deildarstjórn íþróttadeildar skal leggja fram fjárhagsáætlun fyrir 10. október ár hvert fyrir starfsárið til aðalstjórnar



Allar stærri fjárhagslegar skuldbindingar deildar ber að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar. Allir leikmannasamningar og þjálfarasamningar félagsins skal bera undir aðalstjórn til samþykktar.

Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til að skoða bókhald og fjárreiður deildar. Í því skyni getur aðalstjórn tilnefnt sérstakan trúnaðarmann til slíkra verka, sem getur komið með fyrirhætti um úrbætur ef þurfa þykir.

Afreksstarf og fjármögnun þess skal aðgreint sérstaklega í reikningum íþróttadeildar.

Eignir hvernar deildar teljast sameign félagsins og verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar.

Hætti deild störfum renna eignir hennar tímabundið í vörslu aðalstjórnar. Hefjist starfsemi hennar ekki að nýju innan tveggja ára, ber að sækja um stofnun að nýju sbr. 15. grein. Taki deildin ekki til starfa að nýju innan fimm ára, renna eignir hennar endanlega í vörslu aðalstjórnar félagsins.

9.gr.

Stjórnir deilda Gróttu

Stjórn hvernar íþróttadeildar skipa fimm, sjö eða níu menn: Formann, varaformann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur og skulu þeir kosnir á aðalfundi deildanna, formaður sérstaklega, en annars skiptir stjórn sjálf með sér verkum. Heimilt er að kjósa tvo varamenn.

10.gr.

Aðalfundir deilda

Fyrir 1. apríl ár hvert skulu haldnir aðalfundir allra íþróttadeildanna.

Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir félagar 16 ára og eldri, enda hafa þeir greitt lögbundin gjöld. Allir félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundum deildanna. Fundirnir skulu boðaðir opinberlega með minnst viku fyrirvara og eru lögmætir sé rétt til þeirra boðað. Jafnframt fundarboðum skal aðalstjórn tilkynnt um fundinn.

Dagskrá aðalfundar deilda skal vera:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Deildarstjórn gefur skýrslu um starfsemi á liðnu ári.
3. Deildarstjórn gefur skýrslu um fjármál deildarinnar og leggur fram endurskoðaða reikninga.
4. Kosning deildarstjórnar
 - a) Formaður
 - b) Meðstjórnendur
 - c) Varamenn kosnir
 - d) Kosnir fulltrúar á aðalfund félagsins
5. Önnur mál



Að loknum aðalfundi skal deildarstjórn tilkynna aðalstjórn skriflega hverjir kjörnir hafa verið í stjórn deildarinnar, heimilisföng og símanúmer. Einnig skal þá afhenda aðalstjórn skýrslu um starfsemi deildarinnar og endurskoðaða reikninga, hafi það ekki verið gert áður. Þessi löggn skulu hafa borist aðalstjórn eigi síðar en fjórtán dögum fyrir aðalfund félagsins.

11.gr. Vanræksla

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

12.gr. Aðalfundur Aðalstjórnar

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir 15. apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara. Öllum fulltrúum sem sitja eiga aðalfund og tilkynnt hafa verið aðalstjórn með sex daga fyrirvara skulu send fundarboð og tillögur að lagabreytingum. Allir lögmetir félagar hafa rétt til fundarsetu, málfrelsis og tillöguréttar á aðalfundi.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir aðilar:

1. Stjórnarmenn aðalstjórnar félagsins.
2. Stjórnendur hinna einstöku deilda.
3. Fulltrúar, kjörnir á aðalfundi deilda og miðast fjöldi fulltrúa hvernar deildar við það að einn fulltrúi sé kosinn fyrir hvern tug og byrjaðan tug skuldlausra deildarféлага.

Hafi deild ekki haldið löglegan aðalfund, né skilað endurskoðuðum ársreikningi, missa allir fulltrúar viðkomandi deildar samkvæmt 2. og 3. lið hér að framan, atkvæðisrétt á aðalfundi.

Aðalfundur er löglegur, sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Ritari les upp fundargerð síðasta aðalfundar.
3. Aðalstjórn gefur skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu starfsári og leggur fram endurskoðaða reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Kosningar.
 - a) Kosning formanns.
 - b) Kosning varaformanns.
 - c) Kosning ritara.
 - d) Kosning gjaldkera.
 - e) Kosning oddamanns í stjórn.
 - f) Kosning tveggja endurskoðenda.
 - g) Kosning tveggja varaendurskoðenda.

6. Tilnefning fulltrúa deilda samkvæmt 9.gr

7. Önnur mál.



Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum. Enginn fer með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess.

13.gr.

Aukaaðalfundur

Aðalstjórn félagsins skal kalla saman aukaaðalfund ef þörf þykir ef meirihluti deildarstjórnarmanna krefst þess skriflega, enda tilkynni þeir um leið fundarefni það er þeir óska að verði rætt.

Aukaaðalfundur er lögmætur sé til hans boðað og hann sóttur samkvæmt 12.gr.

14. gr.

Félagaskrá

Hver deild skal halda nákvæma skrá yfir féлага og senda aðalstjórn. Skráin skal endurskoðuð á hverju starfsári. Aðalstjórn skal sjá um heildarskrá yfir alla félagsmenn, samkvæmt skrár deilda.

Aðalstjórn heldur spjaldskrá yfir styrktarféлага og óvirka meðlimi.

15.gr.

Stofnun deilda

Aðalstjórn félagsins skal sjá um stofnun nýrrar deildar innan félagsins. Skal aðalstjórn leggja rökstudda beiðni um það fyrir aðalfund. Heimili aðalfundur stofnun nýrrar deildar með samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal aðalstjórn sjá um að boða til stofnfundar, sem skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda, sbr. 12 grein.

16.gr.

Heiðursviðurkenningar

Heiðursféлага má kjósa og skal þeim afhent heiðursfélagskírteini og heiðurspening Gróttu. Heiður þessi er sá æðsti er félagið veitir. Kosning heiðursféлага skal fara fram á aðalstjórnarfundum og er hún lögmæt með 4/5 hluta fundarmanna. Heiðursfélagar eru undanþegnir öllum gjöldum til félagsins en hafa öll réttindi í þeirri íþróttadeild er þeir hafa starfað í.

Eftirfarandi heiðursmerki skulu veitt með samþykki Aðalstjórnar:

1. Bronsmerki Gróttu fyrir 5 ára starf eða 10 ára keppni í þágu félagsins. Einnig er bronsmerki veitt til erlendra og innlendra aðila sem starfað hafa fyrir félagið þegar stjórn Gróttu þykir ástæða til. Undantekning er á keppnisreglum vegna fimleika.
2. Silfurmerki Gróttu 10 ára starf eða 15 ára keppni í þágu félagsins.
3. Gullmerki Gróttu fyrir 25 ára starf eða 20 ára keppni í þágu félagsins.

Aðalstjórn Gróttu getur sæmt einstaklingi gull, silfur eða bronsmerki félagsins þegar sérstök ástæða er til en þó háð meirihluta samþykki Aðalstjórnar.

Starfs- og keppnisaldur skal miðaður frá 16 ára aldri.



**17. gr.
Íþróttamaður Gróttu.**

Eftir að hafa fengið tilnefningar frá deildarstjórnnum félagsins velur aðalstjórn ár hvert íþróttamann Gróttu, karl eða konu, úr hópi þeirra íþróttamanna félagsins sem skarað hafa fram úr á árinu.

Íþróttamaður Gróttu hlýtur farandbikar í eitt ár, auk eignargrips.

Deildarstjórnir tilnefna unga og efnilega íþróttamenn Gróttu sem fá viðurkenningar frá félaginu.

Einnig fá þeir sem keppa fyrir hönd Íslands í fyrsta sinn viðurkenningu.

Kjör Íþróttamanns Gróttu skal haldið ár hvert á tímabilinu 15. desember til 15. janúar.

**18. gr.
Lagabreytingar**

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi félagsins og ræður þar einfaldur meirihluti.

Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar jafnframt fundarboði og skulu breytingartillögur liggja frammi hjá aðalstjórn félagsins eigi skemur en viku fyrir aðalfund.

**19. gr.
Slit félags**

Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Seltjarnarneskaupstaðar.

20. gr.

Með þessum lögum eru öll eldri lög félagsins úr gildi numin.

Lög þessi öðlast þegar gildi.